



Reykjavík – 2  
Leyfi nr. 196

## PUNGASKATTUR

# Álestrartímabil 20. janúar til 10. febrúar 2000

### Álestrartímabil

Álestrartímabil 1. gjaldtímabils 2000 er 20. janúar - 10. febrúar nk. Gjaldldagi er 11. febrúar 2000 og eindagi er 31. janúar 2000. Gjaldendur eru minntir á að mæta í álestur á ofangreindu álestrartímabili, því hafi ekki verið mætt með ökutæki, á númerum, til álestrar á álestrartímabilinu áætlað ríkisskattstjóri akstur sem svarar til 32.000 km aksturs á gjaldtímabilinu. Áætlun þungaskatts vegna fólksbifreiða skal þó vera 8.000 km. Hafi álestur ekki farið fram við innlögn númera eða afskráningu verður akstur áætl- aður (32.000/8.000 km)

### Álestur innan þrjátíu daga frá lokum álestrar- tímabils (innan kærufrests)

Komi gjaldandi, sem sætt hefur áætlun, með öku- tæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrar- tímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur rík- isskattstjóra til ákvörðunar. Þegar mætt er í álestur eftir að álestrartímabili lýkur, þ.e. eftir 10. febrúar 2000, bætist 1% álag við fjárhæð skattsins fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar, í allt að tíu daga, þ.e. að há- marki 10%.

### Álestur eftir þrjátíu daga frá lokum álestrar- tímabils (utan kærufrests)

Mæti gjaldandi með ökutæki sitt til álestrar eftir að þrjátíu dagar eru liðnir frá lokum álestrartímabils, þ.e. eftir 10. mars 2000, beitir ríkisskattstjóri, auk 10% álags, sektum sem hækka eftir því sem lengra liður frá lokum álestrartímabils. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verklagsreglur um beitingu sekta utan kærufrests.

Ef mætt er með ökutæki til álestrar á eftirfarandi tímabilum:

1) 11/3- 17/3	er sektin	kr. 5.000.
2) 18/3 - 24/3	er sektin	kr. 7.500.
3) 25/3 - 30/3	er sektin	kr. 10.000.
4) 1/4 - 7/4	er sektin	kr. 12.500.
5) 8/4 - 14/4	er sektin	kr. 15.000.

### Skráning á akstri í akstursbók

Skylt er að skrá akstur reglulega í akstursbók:

- Ef ökuriti er notaður sem ökumælir skal skrá kíló- metrastöðu hans daglega.
- Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega en kílómetrastöðu ökumælisins vikulega.
- Eigendum eða umráðamönnum ökutækja sem búin eru ökumælum, sem ekki eru nýtt í atvinnu- rekstri, er einungis skylt að skrá mánaðarlega í akstursbók.
- Akstur eftirvagna skal skrá vikulega.

### Vanræksla á skráningu aksturs í akstursbók

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 3/1987 skal ríkisskatt- stjóri beita sektum sé ekki skráð í bókina eftir settum reglum. Ríkisskattstjóri hefur sett sér ákveðnar verk- lagsreglur varðandi sektar beitingu, en þær eru eftir- farandi:

- Akstur ranglega færður í akstursbók:
  - fært vikulega en á að færa daglega kr. 5.000.
  - fært mánaðarlega en á að færa daglega kr. 10.000.
  - færð inn km-staða hraðamælis en ekki ökumælis kr. 7.500.
  - færð inn km-staða ökumælis en ekki hraðamælis kr. 5.000Sektir hækka við ítrekað brot.